



373. fundur Þingvallanefndar

Fundur haldinn á nefndasviði Alþingis þann 17. nóvember 2010. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir, Þráinn Bertelsson, Sigurður I. Jóhannsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Björgvin G. Sigurðsson, Ólafur Örn Haraldsson og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Lilja Jónasdóttir lögfræðingur sat fundinn.

Nefndarmaður óskaði eftir að eftirfarandi athugasemd yrði bókuð í upphafi fundar:

Ragnheiður Elín gerir athugasemd við að formaður nefndarinnar boði fund í Þingvallanefnd á sama tíma og hún er með varamann inni á Alþingi. Þrátt fyrir að ekki gildi sömu reglur um Þingvallanefnd og fastanefndir þingsins þá eru nefndarmenn kosnir í nefndina í krafti þess að þeir eru þingmenn og hefði þessi fundur því mátt bíða endurkomu formannsins eða verið boðaður af varaformanni.

Formaður bendir á að Þingvallanefnd er stjórnsýslunefnd og því geti formaður boðað til fundar í Þingvallanefnd í veikindaleyfi sínu frá Alþingi.

Þetta gerðist:

1. Lóðarleigusamningar, lóðarleigugjald og byggingarskilmálar.

Þingvallanefnd samþykkir nýja lóðarleigusamninga fyrir sitt leyti og felur Þjóðgarðsverði og Lilju Jónasdóttir lögmanni að leggja þá til samþykktar eða synjunar fyrir núverandi lóðarleiguhafa sem eiga samþykka húseign á viðkomandi lóð og óskað hafa framlengingar á samningum sem að óbreyttu renna út 31. des.n.k.

Lóðarleigugjald.

Þingvallanefnd samþykkti eftirfarandi tillögu með 5 atkvæðum gegn 2, (ÞGK og REÁ):

Leiga fyrir lóðina fyrir hvert almanaksár skal vera 6% af fasteignamati hennar, eins og það er hverju sinni á gjalddaga auk árlegs gjalds kr. 40.000. Leigugjald skal þó aldrei vera lægra en kr. 80.000.- mv. byggingarvísitölu 100.8 í janúar 2011 en gjaldið/lágmarksleiga skal taka breytingum eftir vísitölu miðað við mars mánuð ár hvert. Gjalddagi leigunnar er 1. mars ár hvert fyrir yfirstandandi ár. Greiðslustaður er þar sem Þingvallanefnd ákveður á hverjum tíma. Verði leiga ógreidd að liðnum mánuði frá gjalddaga falla á hana hæstu lögleyfðu dráttarvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma.

Valgerður Bjarnadóttir óskaði bókað að henni þykir þessi hækkun á gjöldum of lág og óskar eftir að þessi ákvörðun verði endurskoðuð næsta haust.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir óskar bókað að hún telji að gæta þurfi hófs í öllum gjaldtökum, undir það taka REÁ og ÞB.

Samþykkt að endurskoða lóðarleigu eftir eitt ár.

Byggingarskilmálar.

Þingvallanefnd samþykkir nýja byggingarskilmála fyrir sitt leyti og felur þjóðgarðsverði að kynna þá fyrir byggingaryfirvöldum í Bláskógabyggð og sumarhúsaeigendum. Samþykkt var að vísa til almennra byggingarskilmála Bláskógabyggðar í byggingarskilmálum Þingvallanefndar, bæta við að steypar stoðir undir frístundahús séu leyfilegar og að hámarksstærð frístundahúss sé 90 fm.

2. Hugmyndaleit Alta.

Þingvallanefnd samþykkir drög að framkvæmd hugmyndaleitar og felur þjóðgarðsverði og formanni að ganga til samninga við Alta á grunni þeirra, sbr. umræður á síðasta fundi. Samþykkt að veita allt að 1. mkr. til kynningar á verkefninu.

Valgerður vikur af fundi kl. 12:45.

3. Fjármál.

Skv. fjárlagafrumvarpi 2011 er framlag til þjóðgarðsins á Þingvöllum 83 mkr. Það skiptist á: rekstur 50 mkr., viðhald 2 mkr. og framkvæmdir 31 mkr.

Þjóðgarðsvörður kynnti tillögu að fyrirhuguðu þjónustugjaldi á Þingvöllum og eru möguleikar til gjaldtöku þrjár:

- Bílastæðagjald.
- Ferðaþjónustur borgi samkvæmt samkomulagi. Ferðaþjónusturnar leggja áherslu á að allir greiði slíkt gjald, bæði innlendir og erlendir gestir í stórum og smáum hópum.
- Gjaldtaka í nýju salernishúsunum á Hakinu.

Þjóðgarðsverði falið að gera áætlun um salernisgjald, m.a. hvaða búnað þarf til verksins og hvað hann muni kosta með uppsetningu, ásamt áætlun um sértekjur.

Þjörgvin vikur af fundi. 12.55.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.